

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breytt deiliskipulag Flatahverfis, klasi 1 og 2, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 25. febrúar 2003, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, Akranesi.

Breytingin felst í að sett hefur verið lóð fyrir smádreifistöð Orkuveitu Reykjavíkur við gangstíg í norðausturjaðri skipulagssvæðisins, á móts við gatnamót Bresafatar og Eyrarflatar. Gangstétt norðaustan lóðarinnar nr. 7 við Brekkuföt hefur verið felld niður og lóðin stækkuð um 2 m til norðausturs. Lóðamörk Steinsstaða til suðvesturs hafa verið leiðrétt.

Deiliskipulagsbreytingin var afgreidd samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Framangreind deiliskipulagsbreyting tekur þegar gildi.

Akranesi, 17. mars 2003.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum.

1. gr.

Námi á framhaldsskólastigi er veitir undirbúning til náms á háskólastigi lýkur með stúdentsprófi sem skal samræmt í tilteknum námsgreinum. Samræmd stúdentspróf eru hluti af skilgreindum námslokum til stúdentsprófs.

Með samræmdum stúdentsprófum er átt við yfirlitspróf í tilteknum námsgreinum miðað við námsmarkmið í kjarna, sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla. Prófin eru lögð fyrir alla nemendur á viðkomandi námsbrautum og aðra þá er þreyta prófin, sbr. 3. og 4. gr., á sama tíma, við sömu eða sambærilegar aðstæður og með sama hætti, sbr. 11. gr.

2. gr.

Tilgangur samræmdra stúdentsprófa er m.a. að:

- veita nemendum og viðkomandi skóla upplýsingar um námsárangur nemenda og námsstöðu í þeim námsgreinum þar sem haldin eru samræmd stúdentspróf.
- veita viðtökuskólum upplýsingar um námsstöðu einstakra nemenda og vera viðmið fyrir inntöku í einstakar deildir á háskólastigi.